



ÍÞRÓTTABANDALAG HAFNARFJARÐAR

Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar
Norðurhelli 2
221 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 4. júní 2013

Umsögn Íþróttabandalags Hafnarfjarðar við fyrirhuguðum framkvæmdum Fimleikafélags Hafnarfjarðar og breytingu á deiliskipulagi á svæði félagsins í Kaplakrika

Stjórn ÍBH fagnar allri uppbyggingu á bættri íþróttaaðstöðu íþróttafélaganna í Hafnarfirði. Frumtillögur að breyttu deiliskipulagi sem kynntar voru fyrir framkvæmdastjórn ÍBH á fundi með Fimleikafélagi Hafnarfjarðar, miðvikudaginn 22. maí, fela í sér miklar breytingar á skipulagi á félagssvæði FH. Framkvæmdastjórn ÍBH telur að ákvörðun um breytt skipulag eigi fyrst og fremst að vera á forræði stjórnar Fimleikafélags Hafnarfjarðar og skipulagsyfirvalda í Hafnarfirði. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar leggur hins vegar mikla áherslu á að við gerð deili- og aðalskipulags verði gætt að skynsamlegum staðsetningum við uppbyggingu íþróttamannvirkja og framkvæmdaröð, þannig að þau þjóni sem best heildarhagsmunum allra bæjarbúa.

Virðingarfyllst,
f.h. Íþróttabandalags Hafnarfjarðar,

Elísabet Ólafsdóttir
framkvæmdastjóri ÍBH